



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Fornminjasjóður

Skýrsla um úthlutun ársins

2013

Agnes Stefánsdóttir

2013

Höfundur
Agnes Stefánsdóttir

Ljósmynd á forsíðu:
Rústir í Breiðuvík
©Minjastofnun Íslands

© 2013
Minjastofnun Íslands
Agnes Stefánsdóttir

Öll rettindi askilin
ISBN 978-9935-9090-5-3

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Íceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	3
2.	Lög um menningarminjar nr. 80/2012	4
2.1	Ákvæði úr öðrum lögum	5
3.	Fornminjanefnd.....	6
4.	Úthlutunarreglur fornminjasjóðs	7
5.	Auglýsing um styrki úr sjóðnum	9
6.	Verklagsreglur	10
7.	Mat á umsóknum	11
8.	Afgreiðsla styrkja	12
9.	Niðurstöður	14

1. Inngangur

Árið 2013 var fyrsta árið sem Minjastofnun Íslands sá um úthlutun styrkja úr fornminjasjóði. Þann 1. janúar tóku gildi ný lög um menningarminjar nr. 80/2012 og þá varð til ný stofnun þar sem sameinaðar voru Fornleifavernd ríkisins og Húsafríðunarnefnd ríkisins. Um leið færðist ábyrgð á úthlutun styrkja úr fornminjasjóði (áður fornleifasjóði) frá mennta og menningarráðuneyti til Minjastofnunar Íslands auk þess sem hlutverk fornminjanefndar breyttist. Nefndin sem áður hafði séð um úthlutun styrkja gegnir nú ráðgefandi hlutverki fyrir Minjastofnun Íslands. Þetta ár var einnig frábrugðið vegna þess að nokkuð dróst að skipa í nýja fornminjanefnd en skv. 8 gr. laga nr. 80/2012 bar nefndinni að setja reglur um sjóðinn, sem síðan þurftu samþykkt og undirritun mennta- og menningarmálaráðherra, áður en hægt var að auglýsa eftir umsóknum. Af þessum sökum var auglýst seint og umsóknarfrestur í sjóðinn óvenju stuttur. Því var ákveðið að taka allt ferlið saman í skýrslu sem draga má lærdóm af fyrir næstu úthlutun úr sjóðnum.

2013 var fyrsta árið sem Minjastofnun Íslands sá um úthlutun styrkja úr fornminjasjóði

2. Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Í X. kafla nýju laganna um menningarminjar sem tóku gildi 1. janúar 2013 er fjallað um menningarminjasjóði og þar segir í 42. grein um fornminjasjóð:

Fornminjasjóður hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum. Sjóðurinn veitir styrki til rannsókna á fornminjum, þar á meðal til fornleifaskráningar, miðlunar upplýsinga um þær og til varðveislu og viðhalds á fornminjum. Sjóðnum er einnig heimilt að veita styrki til viðhalds annarra menningarminja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, t.d. minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skipa, báta og annarra samgöngutækja.

Styrkir úr fornminjasjóði eru ákveðnir í samræmi við úthlutunarreglur, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Tekjur fornminjasjóðs eru:

- a. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,*
- b. önnur framlög.*

Heimilt er að krefjast endurgreiðslu hafi verkefni sem hlotið hefur styrk ekki verið unnið í samræmi við umsókn og þau gögn sem styrkveiting var byggð á, verkefnið ekki verið unnið samkvæmt skilmálum sjóðsins eða lokaskýrslu ekki verið skilað innan árs frá áætluðum lokum verkefnis.

Í 8. grein laganna segir jafnframt um Fornminjanefnd:

Ráðherra skipar fornminjanefnd til fjögurra ára í senn. Félög fornleifafræðinga tilnefna einn fulltrúa, Félag norrænna forvarða – Íslandsdeild einn fulltrúa, Rannís tilnefnir einn fulltrúa og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Fornminjanefnd hefur eftirfarandi hlutverk:

- a. að vinna að stefnumörkun um verndun fornleifa og fornleifarannsóknir ásamt Minjastofnun Íslands,*
- b. að fjalla um tillögur stofnunarinnar um friðlýsingu fornleifa og afnám friðlýsingar samkvæmt ákvæðum laga þessara áður en þær eru sendar ráðherra,*
- c. að setja fornminjasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,*
- d. að veita umsögn um styrkumsóknir úr fornminjasjóði,*
- e. að sinna öðrum verkefnum sem henni kunna að vera falin samkvæmt lögum.*

Forstöðumenn Minjastofnunar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands sitja fundi fornminjanefndar stöðu sinnar vegna.

Kostnaður af starfsemi fornminjanefndar greiðist úr fornminjasjóði.

Að lokum segir m.a. um hlutverk og málsmeðferð Minjastofnunar Íslands í 11. og 51. grein laganna:

11. gr. Hlutverk

Minjastofnun Íslands er stjórnáslustofnun sem annast framkvæmd minjavörslu í samræmi við ákvæði þessara laga. Hlutverk stofnunarinnar er að: [...]

k. úthluta úr fornminjasjóði og húsafriðunarsjóði að fengnum umsögnum fagnefnda og annast umsýslu þeirra,

l. hafa eftirlit með framvindu verkefna sem fá styrk úr sjóðunum,

m. ákveða aðra ráðstöfun fjár úr fornminjasjóði og húsafriðunarsjóði í samráði við húsafriðunarnefnd og fornminjanefnd,

51. gr. Málsmeðferð.

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43. gr. eru endanlegar á stjórnáslustigi og sæta ekki kærur til ráðherra.

2.1 Ákvæði úr öðrum lögum

Í 21. grein Stjórnáslulaga nr. 37/1993 er m.a. fjallað um styrki á sviði lista, menningar eða vísinda. Vakin er athygli á 3. lið 2. mgr.:

21. gr. Hvenær veita skal rökstuðning

Aðili máls getur krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt.

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki ef:

1. umsókn aðila hefur verið tekin til greina að öllu leyti,

2. um er að ræða einkunnir sem veittar eru fyrir frammistöðu á prófum,

3. um er að ræða styrki á sviði lista, menningar eða vísinda.

3. Fornminjanefnd

Mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi bréf í byrjun nóvember 2012 til félaga fornleifafræðinga, Félags norrænna forvarða- Íslandsdeildar, Rannís og Sambands íslenskra sveitarfélaga og óskaði eftir tilnefningum í fornminjanefnd. Tilnefningar bárust fyrir áramót en skipun í nefndina dróst fram á vorið 2013. Skipunarbréf barst nefndarmönnum um miðjan mars.

Fornminjanefnd skipa:

Aðalmenn:

Þórhallur Þráinsson formaður, skipaður án tilnefningar

Sandra Sif Einarsdóttir varaformaður, tilnefnd af félögum fornleifafræðinga

Halldóra Ásgeirsdóttir, tilnefnd af Félagi norrænna forvarða - Íslandsdeild

Hulda Proppé, tilnefnd af Rannís

Pétur Ólafsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Varamenn:

Guðmundur Hálfðánarson, skipaður án tilnefningar

Oddgeir Isakssen, tilnefndur af félögum fornleifafræðinga

Þórdís Anna Baldursdóttir, tilnefnd af Félagi norrænna forvarða - Íslandsdeild

Eiríkur Stephensen, tilnefndur af Rannís

Kristín Þórðardóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

4. Úthlutunarreglur fornminjasjóðs

Fyrsti fundur fornminjanefndar var haldinn 21. mars 2013.¹ Eins og fram kemur í lögum þurfti fornminjanefnd að setja reglur um úthlutun styrkja áður en hægt var að auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn. Reglurnar voru ræddar þegar á þessum fyrsta fundi nefndarinnar og aftur á fundi daginn eftir 22. mars.² Endanleg útgáfa úthlutunarreglna var tilbúin 26. mars og send mennta- og menningarmálaráðuneytinu til staðfestingar ráðherra. Staðfesting barst 9. apríl og voru reglurnar auglýstar í Stjórnartíðindum 10. apríl.³

ÚTHLUTUNARREGLUR fornminjasjóðs.

1. gr.

Hlutverk fornminjasjóðs.

Um fornminjasjóð gilda ákvæði X. kafla, 42. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 ásamt c. og d. lið 8. gr. sömu laga. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum.

2. gr.

Úthlutanir úr fornminjasjóði.

Úthlutanir úr fornminjasjóði eru á hendi Minjastofnunar Íslands að fenginni umsögn fornminja-nefndar. Umsóknir eru metnar með tilliti til vísindalegs og menningarsögulegs gildis og þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið í minjavernd, ásamt gildi þeirra fyrir varðveislu þjóðararfleifarinnar.

Úthlutað er styrkjum til eftirfarandi verkefna samkvæmt vinnureglum fornminjasjóðs:

- Fornleifarannsóknna (fornleifauppgrafter og fornleifaskráningar).
- Miðlunar upplýsinga um fornminjar.
- Varðveislu og viðhalds fornminja, þ.e. fornleifa og forngripa.
- Rannsóknna á forngrípum.

Sjóðnum er jafnframt heimilt að veita styrki til viðhalds annarra menningarminja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, t.d. minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skipa, báta og annarra samgöngutækja.

Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn. Nýti styrkþegi sér ekki úthlutaðan styrk á sama ári og honum er úthlutað, fellur styrkur niður. Heimilt er, vegna sérstakra aðstæðna, að veita frest til greiðslu styrks til 1. júní á næsta ári á eftir úthlutun, enda hafi borist formleg og rökstudd beiðni þess efnis frá styrkþega til Minjastofnunar Íslands fyrir lok úthlutunarárs. Styrkveitingin er háð því að verkefni fylgi þeim stöðlum og reglum sem Minjastofnun Íslands setur.

3. gr.

Auglýsing um styrki úr fornminjasjóði.

Minjastofnun Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki á heimasíðu sinni, í dagblöðum eða með öðrum sannanlegum hætti. Minjastofnun Íslands getur ákveðið í samráði við fornminjanefnd hverju sinni í auglýsingu hvort sjóðurinn leggi áherslu á ákveðna þætti minjaverndar í úthlutun ársins. Nr. 321 5. apríl 2013

¹ <http://www.husafridun.is/starfsemi/fornleifanefnd/fundargerdir/2013/nr/1121>

² <http://www.husafridun.is/starfsemi/fornleifanefnd/fundargerdir/2013/nr/1122>

³ <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=282ae2f7-b9ee-4798-b9fd-a70c7f8da71f>

4. gr.

Almennt um umsóknir.

Umsóknum um styrki úr sjóðnum skulu fylgja greinargóðar upplýsingar um fyrirhuguð verkefni á þar til gerðum umsóknareyðublöðum. Séu umsóknir ekki skilmerkilega útfylltar og í samræmi við leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands getur stofnunin vísað þeim frá.

Sé fyrirhugað að sækja um styrk til verkefnis sem taka mun fleiri en eitt ár að vinna skal umsækjandi gera grein fyrir heildarmarkmiðum verkefnis, áfangaskiptingu og kostnaðaráætlun. Minjastofnun Íslands er með styrkveitingu ekki skuldbundin til að veita styrki til síðari áfanga verkefnis.

Minjastofnun Íslands er heimilt að óska eftir frekari gögnum og upplýsingum vegna umsókna eftir því sem þurfa þykir.

5. gr.

Greiðslur styrkja.

Minjastofnun Íslands gerir samning um greiðslu styrks úr fornminjasjóði þar sem kveðið er á um greiðslufyrirkomulag styrksins.

Skilyrði fyrir lokagreiðslu styrks er að styrkþegi hafi skilað lokaskýrslu eða áfangaskýrslu sem Minjastofnun Íslands hefur samþykkt.

6. gr.

Eftirlit Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkir hafi verið notaðir til þess sem þeir voru veittir til. Einnig hefur stofnunin eftirlit með að þau verkefni sem hún styrkir séu í samræmi við innsend gögn og ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Fulltrúi Minjastofnunar skal eiga greiðan aðgang að vinnustað meðan á verkefni stendur. Styrkþegum er skylt að kynna Minjastofnun stöðu verksins sé þess óskað og afhenda gögn tengd verkefninu stofnuninni að kostnaðarlausu.

Heimilt er að krefjast endurgreiðslu styrks hafi verkefni sem hlotið hefur styrk ekki verið unnið í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 og þau gögn sem styrkveiting var byggð á. Einnig ef verkefnið hefur ekki verið unnið samkvæmt skilmálum sjóðsins eða lokaskýrslu ekki verið skilað innan árs frá áætluðum lokum verkefnis.

Heimilt er að vísa nýjum umsóknum frá, ef árangur og skil umsækjanda vegna fyrri verkefna hafa ekki verið í samræmi við kröfur Minjastofnunar.

5. Auglýsing um styrki úr sjóðnum

Minjastofnun Íslands auglýsti eftir umsóknum um styrki úr fornminjasjóði 12. apríl með umsóknarfresti til 26. apríl. Auglýsingin var birt í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu en auk þess á heimasíðu og facebook síðu Minjastofnunar Íslands. Vegna þess hversu langt var liðið á árið var ákveðið að hafa stuttan umsóknarfrest svo hægt væri að úthluta úr sjóðnum sem fyrst.

Þetta var ákveðið sérstaklega vegna mögulegra fornleifauppgrafa sem vegna veðurfars á Íslandi þurfa að fara fram á sumrin. Fornleifauppgröftur er verkefni sem þarf að skipuleggja með fyrirvara og óvissa um fjármögnun eða hluta fjármögnunar getur sett þau í uppnám. Úthlutun svo seint sem raunin varð á í ár getur komið sér afar illa því erfitt er að manna sérstaklega stærri verkefni með stuttum fyrirvara. Rafrænt umsóknareyðublað⁴ var útbúið og sett á heimasíðu Minjastofnunar. Ætlast var til að umsóknum væri skilað í tölvutæku formi ásamt fylgiskjölum til að flýta fyrir úrvinnslu.

Einhverjir gallar reyndust vera í umsóknareyðublaðinu og þarf að lagfæra þá og endurskoða eyðublaðið fyrir næsta umsóknarferli. Tillit var tekið til þessara galla þegar mat var lagt á umsóknirnar.



Frá og með 1. janúar 2013 tóku gildi ný lög um menningarminjar nr. 80/2012. Með gildistöku þessara laga voru Fornleifavernd ríkisins og Húsafríðunarnefnd ríkisins sameinaðar í nýja stofnun, Minjastofnun Íslands.

Minjastofnun Íslands úthlutar styrkjum úr fornminjasjóði. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum, sbr. reglur Nr. 321/2013. Úthlutað er styrkjum til eftirfarandi verkefna samkvæmt vinnureglum fornminjasjóðs:

- Fornleifarannsóknir (fornleifauppgrafa og fornleifaskráningar)
- Miðlunar upplýsinga um fornminjar
- Varðveislu og viðhalds fornminja, þ.e. fornleifum og forngripum.
- Rannsóknir á forngripum.

Sjóðnum er jafnframt heimilt að veita styrki til viðhalds annarra menningarminja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, t.d. minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skipa, báta og annarra samgöngutækja.

Umsóknir eru metnar með tilliti til vísindalegs- og menningarsögulegs gildis og þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið í minjavernd, ásamt gildi þeirra fyrir varðveislu þjóðararfleifarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, má nálgast á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is eða í síma 570 1300. Umsóknarfrestur er til 26. apríl 2013. Ekki er veitt viðtöku umsóknum sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að þau verkefni sem hún styrkir séu unnin í samræmi við lög nr. 80/2012 og reglur stofnunarinnar og í samræmi við innsend gögn.



Minjastofnun
Íslands

Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
S: 570 1300 F: 570 1301
www.minjastofnun.is
postur@minjastofnun.is

POST Innviður

⁴ <http://www.husafriidun.is/styrkir/fornminjasjodur/umsoknareydublad-2013/>

6. Verklagsreglur

Strax á fyrsta fundi fornminjanefndar var bent á nauðsyn þess að nefndin starfaði eftir ákveðnum verklagsreglum. Farið var í gerð þeirra um leið og úthlutunarreglurnar voru tilbúnar og lágu drög að verklagsreglum fyrir áður en nefndin fékk umsóknirnar til umsagnar. Um hlutverk og verklagsreglur fornminjanefndar vegna mats á styrkumsóknum segir í drögum að verklagsreglum:

Hlutverk fornminjanefndar er að meta umsóknir í fornminjasjóð. Mat á umsóknum

byggir á eftirfarandi þáttum:

1. Vísindaleg, menningarleg, listræn og/eða tæknileg gildi, og nýnæmi verkefnisins (í tengslum við áherslur sjóðsins hverju sinni).
2. Verkefnisstjórnun, þátttakendur og aðstaða, rannsóknaraðferðir, verk- og tímaáætlun.
3. Afrakstur og ávinningur.

Hver liður gefur að hámarki 5 stig. Til að verkefnið teljist styrkhæft þarf það að fá minnst þrjú stig í hverjum lið matsins og samanlagt ekki minna en 10 stig. Eftirfarandi eru viðmið vegna stiga:

0 – Umsóknin fellur utan starfssviðs sjóðsins eða í henni er að finna alvarlega formgalla.

1 - Umsókn er ófullnægjandi og í verkefnislýsingu er að finna verulega veikleika.

2 – *Sæmileg umsókn*. Umsóknin uppfyllir að mestu leyti lágmarksskilyrði en í henni er að finna verulega veikleika.

3 – *Góð umsókn*. Umsóknin uppfyllir ágætlega skilyrði sjóðsins en í henni eru þó allnokkrir veikleikar.

4 – *Mjög góð umsókn*. Umsóknin er mjög góð en í henni er að finna nokkra veikleika.

5 – *Afburða góð umsókn*. Umsóknin er afburða góð og veikleikar eru smávægilegir.

Hlutverk fornminjanefndar er að sjá til þess að öll verkefni fái umfjöllun og mat sem framkvæmt er með samræmdum hætti. Lögð er áhersla á að afgreiðsla fornminjanefndar sé skýr og rökstudd. Endanlegt mat fornminjanefndar er sameiginlegt mat hennar en einstakir nefndarmenn eru ekki gerðir ábyrgir fyrir niðurstöðum. Fornminjanefnd gefur Minjastofnun Íslands til kynna áherslur sínar með röðun verkefna þegar umsögnum er skilað sé þess óskað. Það er hins vegar ekki hlutverk fornminjanefndar að gera beinar tillögur um endanlega forgangs röðun úthlutunar. Það verkefni er í höndum Minjastofnunar Íslands. Það þykir þó eðlilegt að Minjastofnun Íslands taki fullt tillit til umsagna nefndarinnar við úthlutanir styrkja, þó ekki standi í lögum að umsagnir hennar séu bindandi fyrir stofnunina. Formaður fornminjanefndar gerir Minjastofnun Íslands grein fyrir niðurstöðu fornminjanefndar. Ef þörf þykir leitar fornminjanefnd formlegra umsagna sérfróðra umsagnarmanna.

Einnig eru í drögum að verklagsreglum ákvæði um vanhæfi nefndarmanna. Minjastofnun Íslands gerði á sama tíma drög að verklagsreglum vegna úthlutana úr fornminjasjóði þar sem ferlinu frá auglýsingu að útgreiðslu styrkja var gerð skil. Ætlunin er ljúka gerð þeirra fyrir næstu úthlutun með hliðsjón af þeim lærdómi sem draga má af þessu fyrsta úthlutunarferli hjá Minjastofnun.

7. Mat á umsóknum

Alls bárust 90 umsóknir um styrki úr fornminjasjóði árið 2013. Sótt var um samtals 190.009.750 kr. en til úthlutunar að þessu sinni voru um 34.000.000 kr. að teknu tilliti til kostnaðar við umsýslu sjóðsins og starfa fornminjanefndar. Það var því strax ljóst að ekki yrði mögulegt að veita öllum verðugum umsóknum umbeðna styrki.

Umsóknir og fylgiskjöl bárust allar á tölvutæku formi sem auðveldaði mjög úrvinnslu. Eftir að umsóknarfrestur rann út þann 26. apríl safnaði starfsmaður Minjastofnunar öllum umsóknum saman og flokkaði eftir tegund verkefna auk þess að útbúa lista með öllum umsóknum og umsóknaraðilum með samantekt á þeirri styrkuppþæð sem óskað var eftir. Listinn var sendur fornminjanefnd til umsagnar þann 7. maí auk þess sem nefndin fékk aðgang að öllum umsóknum og fylgiskjöllum gegnum netið (Dropbox).

Yfirlestur umsókna fór fram 7. – 15. maí. Fornminjanefnd hélt síðan vinnufundi til að fjalla um umsóknirnar dagana 16. og 21. maí þar sem lagt var mat á umsóknir og þeim gefin einkunn samkvæmt fyrirfram ákveðnum verklagsreglum (sjá kaflann á undan). Strangt var tekið á mögulegu vanhæfi nefndarmanna og alls gengu einn eða fleiri nefndarmenn af fundi meðan fjallað var um 26 umsóknir.

Niðurstöður vinnufunda voru því næst teknar saman í eitt skjal og lagðar fyrir Minjastofnun Íslands. Formaður nefndarinnar hélt fund með forstöðumanni og fulltrúa Minjastofnunar 27. maí til að kynna niðurstöður nefndarinnar og var á þeim fundi gerð tillaga að styrkþegum og upphæð styrkja. Forstöðumaður tók að fullu tillit til ráðgjafar fornminjanefndar varðandi styrkþega.

Fornminjanefnd skilaði áliti með einkunnagjöf þar sem 15 var hæsta mögulega einkunn (5 stig í öllum þremur liðum matsins). Allar umsóknir sem fengu einkunnina 10 eða hærri og voru ekki undir 3 í neinum lið töldust styrkhæfar. Af 90 umsóknum töldust 36 vera styrkhæfar samkvæmt þessum forsendum. Styrkir voru veittir til allra sem fengu 13-15 stig. Tvö verkefni fengu fullt hús eða 15 stig, tvö fengu 14 stig og tvö 13 stig. Hæsti mögulegi styrkur til þessara verkefna var ákveðinn 3.500.000 kr. en að hann yrði þó aldrei hærri en 50 % af heildarkostnaðaráætlun hins styrkta verkefnis eða verkhluta, eða óskuð styrkuppþæð ef hún var lægri. Samtals voru veittar 13.300.000 kr. til þessara verkefna.

Styrkir voru einnig veittir til allra sem fengu 12 stig, alls tíu verkefni. Hæsti mögulegi styrkur til þessara verkefna var ákveðinn 2.000.000 kr. en að hann yrði þó aldrei hærri en 40 % af heildarkostnaðaráætlun hins styrkta verkefnis eða verkhluta, eða óskuð styrkuppþæð ef hún var lægri. Samtals fengu þessi tíu verkefni 10.735.000 kr.

Styrkir voru einnig veittir til allra sem fengu 11 stig, alls sex verkefni. Hæsti mögulegi styrkur til þessara verkefna var ákveðinn 1.500.000 kr. en að hann yrði þó aldrei hærri en 30 % af heildarkostnaðaráætlun hins styrkta verkefnis eða verkhluta, eða óskuð styrkuppþæð ef hún var lægri. Samtals fengu þessi sex verkefni 4.800.000 kr.

Alls fengu 14 umsóknir 10 stig. Af þeim voru valin sjö verkefni sem þóttu sérstaklega mikilvæg svo sem björgunarrannsóknir, úrvinnsla eldri rannsókna og fornleifaskráning. Samtals fengu þessi sjö verkefni 4.350.000 kr.

8. Afgreiðsla styrkja

Af þeim umsóknum sem töldust styrkhæfar voru fjórar sem talið var nauðsynlegt að fá frekari gögn um áður en endanleg ákvörðun um styrkveitingu yrði tekin. Voru sendar beiðnir um frekari gögn og fengu aðilar tveggja vikna frest til að skila þeim inn. Bráðabirgðalisti yfir þá styrki sem þegar höfðu verið samþykktir var þó birtur á heimasíðu Minjastofnunar eins fljótt og kostur var eða þann 28. maí. Eðlilegra hefði verið að biða eftir ítargögnum vegna þeirra umsókna sem þá voru enn til skoðunar og taka afstöðu til þeirra áður en listinn var birtur. En þar sem vitað var að mikilvægt væri fyrir umsækjendur að fá svör sem fyrst og úthlutunarferlið hafði tafist talsvert var bráðabirgðalistinn birtur. Endanlegur listi yrði síðan birtur þegar öll gögn hefðu borist og tekin hefði verið afstaða til þeirra. Öll gögn frá umræddum fjórum aðilum bárust tímanlega og hlutu allir þessir aðilar styrki.

Tilkynningar til þeirra sem ekki hluti styrki í þetta sinn voru sendar bréflaga í fyrstu viku júnímánaðar.

Tilkynningar um veitta styrki voru einnig sendar bréflaga til styrkþega ásamt samningi⁵ til undirritunar.

Endanlegur listi yfir styrkþega var birtur á heimasíðu Minjastofnunar Íslands 2. júlí 2013⁶ og má sjá hann hér að neðan.

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Stofnun	styrkupp hæð	Lýsing
Kirkjugarðurinn á Hofstöðum í Mývatnssveit	Hildur Gestsdóttir og Oddgeir Isaksen	Fornleifastofnun Íslands	3.500.000	Fornleifarannsókn, uppgröftur
Úrvinnsla fornleifarannsóknna í Skálholti	Gavin Murray Lucas	Fornleifastofnun Íslands	3.000.000	Fornleifarannsókn, úrvinnsla
Skagfirsa kirkjurannsóknin	Guðný Zoëga	Byggðasafn Skagfirðinga	3.000.000	Fornleifarannsókn, uppgröftur
Greining á fornDNA úr hrossbeinum	Albína Hulda Pálsdóttir og Jón Hallsteinn Hallsson	Íslenskar fornleifarannsóknir ehf og Landbúnaðarháskóli Íslands	800.000	Rannsóknir á forngrípum
Fornleifaskráning í fyrirhuguðum þjóðgarði á Látrabjargi	Vesturbyggð	Vesturbyggð	2.000.000	Fornleifarannsókn, fornleifaskráning
Aðalbjörg RE 55 - fyrsti verkhluti	Guðbrandur Benediktsson	Minjasafn Reykjavíkur	1.000.000	Viðhald menningarminja
Verzlun í aðdraganda einokunar	Ragnar Edvardsson	Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum	700.000	Fornleifarannsóknir, neðansjávarannsókn
Miðlun og minjar í Skaftafelli	Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Birna Lárusdóttir	Fornleifastofnun Íslands	800.000	Fornleifarannsókn, fornleifaskráning
Gufuskálar	Lilja Björk Pálsdóttir	Fornleifastofnun Íslands	800.000	Fornleifarannsókn, fornleifaskráning

⁵ Sjá fylgiskjal 1.

⁶ <http://www.husafriidun.is/styrkir/fornminjasjodur/uthlutun-styrkja-2013/>

Vogur. Landnámsbýli í Höfnum, Reykjanesbæ	Bjarni F. Einarsson	Fornleifafræðistofan ehf	2.000.000	Fornleifarannsókn, uppgröftur
Kumlateigur á Ingiríðarstöðum í Þegjandadal		Hið þingeyska fornleifafélag	2.000.000	Fornleifarannsókn, uppgröftur
Samspil manns og þorsks	Ragnar Edvardsson	Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum	800.000	Fornleifarannsókn, uppgröftur
Úrvinnsla Sveigakotsrannsókna	Orri Vésteinsson	Háskóli Íslands	1.900.000	Fornleifarannsókn, úrvinnsla
Þróun og gerð kennsluefnis um fornleifafræði fyrir grunnskóla	Eva Kristín Dal		700.000	Miðlun upplýsinga
Tölvufærsla og rannsókn á Herforingjaráðskortagönguleiðum	Gísli Pálsson	AOC Archaeology, London	35.000	Miðlun upplýsinga
Kuml og hestar	Rúnar Leifsson		1.000.000	Miðlun upplýsinga
Strandminjar í hættu við Skagafjörð	Bryndís Zoëga	Byggðasafn Skagfirðinga	500.000	Fornleifarannsókn, fornleifaskráning
Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp	Oddgeir Isaksen, Garðar Guðmundsson, Karen B. Milek, Howell Roberts	Fornleifastofnun Íslands	1.500.000	Fornleifarannsókn, uppgröftur
Uppruni og þróun íslenska kvarnarsteinsins	Sólveig Guðmundsdóttir Beck		600.000	Rannsóknir á forngripum
Rannsókn á forngripum frá Svalbarð og Hjálmarvík í Þistilfirði	Guðrún Alda Gísladóttir og James Woollett	Fornleifastofnun Íslands/Univeristé Laval	1.500.000	Rannsóknir á forngripum (Úrvinnsla fornleifarannsóknar)
Hólavallakirkjugarður leiði N 5252	Kirkjugarðar Reykjavíkur	Kirkjugarðar Reykjavíkur	300.000	Viðhald menningarminja
Báturinn frá Kálfatjörn	Birgir Þórarinsson	Minja- og sögufélag Vatnsleysustrandar	400.000	Viðhald menningarminja
Fornleifaskráning í Þjóðgarðinum á Þingvöllum	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	750.000	Fornleifarannsókn, fornleifaskráning
Kirkjugrunnur Krýsuvíkurkirkju	Katrín Gunnarsdóttir	Byggðasafn Hafnarfjarðar	400.000	Fornleifarannsókn, uppgröftur
Siglunes - Eyfirk verstöð á barni eyðileggingar	Birna Lárusdóttir, Howell M. Roberts og Ramona Harrison	Fornleifastofnun Íslands	1.000.000	Fornleifarannsókn, uppgröftur
Úrvinnsla fornleifarannsóknna á Útskálum, Garði	Guðrún Alda Gísladóttir	Fornleifastofnun Íslands	500.000	Fornleifarannsókn, úrvinnsla
Hringsdalur í Arnarfirði	Adolf Friðriksson	Fornleifastofnun Íslands	700.000	Fornleifarannsókn, úrvinnsla
Úrvinnsla fornleifarannsóknna á miðaldakaupstaðnum á Gásum 2001-2006. Lokaáfangi	Haraldur Þór Egilsson	Minjasafnið á Akureyri	1.000.000	Fornleifarannsókn, úrvinnsla
Jarðfundnir gripir frá Hólum í Hjaltadal	Ragnheiður Traustadóttir	Hólarannsóknin - Háskólinn á Hólum	700.000	Rannsóknir á forngripum (Úrvinnsla fornleifarannsóknar)

9. Niðurstöður

Það er ljóst að umsóknarferlið árið 2013 var ekki eins og best verður á kosið. Ekki var hægt að auglýsa eftir umsóknum fyrr en um miðjan apríl sem er í raun allt of seint fyrir þá umsækjendur sem óskuðu eftir styrkjum til fornleifarannsóknna, sem þurfa að fara fram um sumarið. Vegna þessa varð að hraða allri vinnu við umsóknarferlið og birtingu upplýsinga um veitta styrki. Fyrir næstu úthlutun úr sjóðnum er því nauðsynlegt að endurskoða ýmis atriði sem unnin voru á skömmum tíma og hefðu mátt betur fara. Umsóknareyðublað hafði t.d. ýmsa galla sem þarf að lagfæra, skilgreina þarf betur hvaða kröfur eru gerðar til umsókna og umsækjenda almennt og ljúka þarf vinnu við fullmótun verklagsreglna hjá bæði Minjastofnun Íslands og fornminjanefnd. Mögulega þarf að endurskoða einstaka liði í úthlutunarreglum sjóðsins. Æskilegt er að þessari vinnu ljúki haustið 2013, að auglýst verði eftir umsóknum um styrki úr fornminjasjóði fyrir styrkarið 2014 fyrir áramót og að úthlutun sé lokið ekki síðar en í febrúar 2014.

Fylgiskjal 1

Samningur um styrk úr fornminjasjóði

Minjastofnun Íslands, kt. 440113-0280 hér eftir nefnd styrkveitandi, og _____, kt. _____, hér eftir nefnd/ur styrkþegi gera með sér eftirfarandi samning um styrkveitingu úr fornminjasjóði.

1. gr. Markmið

Skv. 42. gr. laga nr. 80/2012 er markmið og hlutverk fornminjasjóðs að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum. Sjóðurinn veitir styrki til rannsókna á fornminjum, þar á meðal til fornleifaskráningar, miðlunar upplýsinga um þær og til varðveislu og viðhalds á fornminjum. Sjóðnum er einnig heimilt að veita styrki til viðhalds annarra menningarminja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, t.d. minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skipa, báta og annarra samgöngutækja.

Um úthlutun og greiðslufyrirkomulag styrks gilda skilmálar samnings þessa sem styrkþegi hefur kynnt sér og skuldbindur sig að hlíta.

Umsókn styrkþega og fylgiskjöl, sem uppfylla auglýst skilyrði fyrir styrkveitingu, og reglur um úthlutanir styrkja úr fornminjasjóði nr. 321/2013 teljast hluti af samningi þessum.

2. gr. Fjárhæð styrks

Styrkveitandi hefur ákveðið, sbr. 2. gr. reglna nr. 321/2013, að veita styrkþega styrk úr fornminjasjóði. Styrkurinn er veittur til verkefnisins _____, sbr. umsókn styrkþega númer _____, dags. _____.

Fjárhæð styrksins nemur kr. _____ og greiðist inn á reikning á kennitölu styrkþega númer _____ - _____, eftir því sem nánar greinir í samningi þessum.

3. gr. Framkvæmd

Styrkurinn er veittur til _____, sbr. umsókn nr. _____, dags. _____.

Styrkþega er óheimilt að framselja styrkinn eða ráðstafa til annarra aðila eða til annarra verkefna en getið er um í umsókn án skriflegs samþykkis Minjastofnunar Íslands.

Styrkþegi skal tilkynna styrkveitanda án tafar ef breytingar verða á högum styrkþega sem geta haft áhrif á framkvæmd verkefnisins. Við breytingar sem skerða möguleika styrkþega á að vinna verkið getur réttur styrkþega til styrkveitingar fallið niður.

Styrkþegi skal vinna verkið í samræmi við lýsingu og fylgigögn með umsókn styrkbeiðanda og/eða vinnuáætlun sem samþykkt er af styrkveitanda. Styrkþegi skal leita fyrirfram samþykkis styrkveitanda fyrir frávikum. Styrkur greiðist aðeins út ef gæði vinnu eru í samræmi við kröfur styrkveitanda. Allur frágangur við verkefnið verður að vera til fyrirmyndar og í samræmi við lög, reglugerðir og samþykkt viðmið.

Myndir sem teknar eru og skilað er inn til styrkveitanda vegna verkefnisins skulu sýna nákvæma staðsetningu (með gps hnitum ef hægt er) þannig að auðvelt verði að taka samanburðarmyndir á sama stað síðar.

Landupplýsingar sem safnað er í tengslum við verkefnið skulu fylgja IST 120 staðlinum, eða skv. nánari leiðbeiningum frá Landmælingum Íslands. Landupplýsingar sem safnað er í tengslum við hið styrkta verkefni skulu verða opinber eign og aðgengilegar almenningi.

4. gr.

Greiðsla styrks og greiðslufyrirkomulag

Styrkurinn sem samningur þessi hljóðar um er til verkefna á árinu 2013.

Styrkurinn greiðist út í tvennu lagi með eftirfarandi hætti:

- 1) Sjötíu prósent styrkfjárhæðar greiðast við undirritun samnings þessa.
- 2) Þrjátíu prósent styrkfjárhæðar greiðast við lok verks, þegar fullnægjandi lokaskýrsla, að mati styrkveitanda, hefur borist styrkveitanda.

Styrkþega ber að skila inn greinargerð um framvindu eigi síðar en 1. september 2013.

Styrkþega ber að skila inn lokaskýrslu um verkefnið, eða lokaskýrslu um þann áfanga verkefnisins sem veittur var styrkur til ef við á, ásamt ljósmyndum af því sem framkvæmt hefur verið, eigi síðar en 1. desember 2013 eða eftir nánara samkomulagi við styrkveitanda.

Hafi framvindu- eða lokaskýrslur ekki borist fyrir tilsetta tíma, sbr. framangreint, án fullnægjandi skýringa að mati styrkveitanda, er styrkveitanda heimilt að stöðva greiðslur til styrkþega. Jafnframt er styrkveitanda heimilt að krefjast fullrar endurgreiðslu á því sem þegar hefur verið greitt.

Styrkþegi getur sótt um lengra greiðslutímabil en greinir í 4. gr. þessa samnings. Heimilt er, við sérstakar aðstæður, að veita frest til greiðslu styrks til 1. júní á næsta ári eftir úthlutun, sbr. 2. gr. reglna nr. 321/2013, hafi styrkveitanda borist um það formleg beiðni frá styrkþega. Beiðni þess efnis, með góðum rökstuðningi, skal berast styrkveitanda eigi síðar en 1. nóvember 2013.

5. gr

Eftirlit

Styrkveitandi hefur eftirlit með að framkvæmdir við styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leystar og í samræmi við innsendar umsóknir og fylgigögn styrkbeiðanda. Styrkveitandi (eða fulltrúi hans) skal í því skyni eiga greiðan aðgang að vinnustað framkvæmda á verktímanum og er heimilt að óska eftir hvers kyns gögnum og upplýsingum frá styrkþega sem þykja nauðsynleg vegna eftirlitsins.

6 .gr.

Ábyrgð styrkhafa

Styrkþegi ábyrgist með undirritun samnings þessa að aflað hafi verið allra lögbundinna leyfa og samþykktá sem nauðsynleg eru vegna verkefnisins, hvort sem er frá stjórnvöldum eða einkaaðilum. Komi í ljós á framkvæmdatíma að skortir á nauðsynlegt leyfi og/eða samþykkt fyrir verki eða hluta þess, er á ábyrgð styrkþega að bæta úr því tafarlaust.

Vakin er athygli á því að vilyrði fyrir styrk úr fornminjasjóði veitir ekki sjálfkrafa leyfi til fornleifarannsókna. Sækja þarf sérstaklega um slík leyfi hjá Minjastofnun Íslands.

7. gr.

Vanefndir

Brjóti styrkþegi gegn ákvæðum samnings þessa og/eða öðrum skilmálum um úthlutun styrkja úr fornminjasjóði, sbr. reglur nr. 321/2013, er styrkveitanda heimilt að stöðva greiðslur til styrkþega samkvæmt samningi þessum. Jafnframt er styrkveitanda heimilt að krefja styrkþega um fulla endurgreiðslu á því sem þegar hefur verið greitt.

Brot á samningnum eða öðrum skilmálum styrkveitingar getur haft áhrif á möguleika styrkþega til frekari styrkveitinga úr fornminjasjóði.

8. gr.

Lögsaga og undirritun

Um samning þennan gilda íslensk lög. Mál er kunna að rísa út af samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Til staðfestingar á öllu framangreindu undirrita báðir samningsaðilar samning þennan. Fulltrúi styrkþega staðfestir með undirritun sinni að hann hafi heimildir lögum samkvæmt til undirritunar fyrir hönd styrkþega.

Reykjavík, 19. júní 2013

F.h. Minjastofnunar Íslands

F.h. styrkþega

Esther Anna Jóhannsdóttir

Nafn þess sem undirritar f.h. styrkþega

Kennitala þess sem undirritar f.h. styrkþega